

SÚÐAVÍKURHREPPUR

FUNDARGERÐ

50. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR, KJÖRTÍMABILIÐ 2014-2018

Árið 2018, fimmtudaginn 19. feb. kl.13:00, var haldinn fundur í sveitarstjórn Súðavíkurhrepps í fundarsal Álftavers, Grundarstræti 3.

Mætt voru Steinn Ingi Kjartansson, oddviti, Guðbjörg Bergmundsdóttir, Halldóra Pétursdóttir, Valgeir Scott og Pétur G. Markan, sveitarstjóri, sem jafnframt ritaði fundargerð.

Fundur settur klukkan 13:00.

Oddviti bauð viðstadda velkomna og athugaði með lögmæti fundarins.

Oddviti bauð fundarmönnum að ganga til umræðu um fyrsta lið á dagskrá.

Dagskrá:

1. Neyðaraðstoð, sjúkrasel og fyrsta hjálp í Súðavíkurhreppi.
 2. Skýrsla sveitarstjóra.
 3. 17. fundur fræðslunefndar frá 5. feb. 2018.
 4. Fundur félagsmálanefndar frá 14. feb. 2018
 5. Sérreglur vegna úthlutunar byggðakvóta
 6. Innleiðing persónuverndarlöggjafar í Súðavíkurhreppi.
 7. Samningur við Bolungarvíkurkaupstað, um samvinnu slökkviliðsmála.
 8. Umsögn um frumvarp um breytingu á ýmsum lagaákvæðum sem tengjast fiskeldi.
 9. Samningur v/ sögusýningu í Súðavík.
 10. Skráning fasteigna, vegna fasteignagjalda, sem geyma auglýsta gististarfsemi.
 11. Uppgjör launagreiðenda til A deildar Brúar lífeyrissjóðs vegna breytinga á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, nr. 1/1997.
 12. Kaup á bíl fyrir áhaldahús.
 13. Alþjóðakvöld í Súðavík – styrkbeiðni.
 14. Fundargerð stjórnar BsVest frá 7. feb.
 15. Fundargerð stjórnar Samb. ísl. Sveitarfélaga nr.856
 16. Fundargerð stjórnar Hafnarsamb. ísl. nr. 400
-
1. Frestað til næsta fundar þar sem svör hafa ekki borist frá HVest. Ráðgert að fulltrúar sjúkrahússins sitji fyrir svörum á næsta fundi, 8. mars.
 2. Lagt fram.
 3. Fundargerðin staðfest. Sveitarstjórn heimilar ráðningu í stöðu þroskaþjálfara. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að auglýsa stöðuna og útbúa viðauka við fjárhagsáætlun.
 4. Fundargerðin staðfest.
 5. Vísað til næsta sveitarstjórnarfundar, 8. mars.

6. Sveitarstjóri kynnir að Súðavíkurhreppur og Bolungarvíkurkaupstaður ætli að vinna innleiðinguna saman og sameinast um starfsmann sem mun halda utan verkefnið. Áætlað að klára verkefnið fyrir 1. júní.
7. Samstarfssamningur við Bolungarvíkurkaupstað um brunavarnir lagður fram. Samningurinn samþykktur samhljóða.

Sveitarstjóra falið að ganga frá samninginum í umboði sveitarstjórnar.

8. Lagt fram til kynningar.
9. Samningurinn lagður fram. Sveitarstjórn Súðavíkurhrepps samþykkir samning um verkefnastyrk vegna heimildarmyndar um Sögu Súðavíkur að upphæð 2 milljónir. kr.
10. Sveitarstjórn Súðavíkurhrepps samþykkir að allar fasteignir í sveitarfélaginu, sem geyma auglýsta eða með leyfisveitingu sýslumanns, gistipjónustu, verði skráðar í C – flokk, fyrirtæki og þjónusta, eins og fjárhagsáætlun fyrir árið 2018 gerir ráð fyrir.
11. Sveitarstjóra falið að ganga frá greiðslum í samræmi við uppgjörsútreikning Brúar. Upphæðin er 26.378. 065 kr. Samþykkt samhljóða.

Sveitarstjóra falið ganga frá reikningsskilum í samræmi við leiðbeningar frá Samgöngu og sveitarstjórnarráðuneyti, í bréfi dagsett 8. febrúar 2018.

12. Frestað til næsta fundar.
13. Styrkur vegna Alþjóðakvölds 24. febrúar í Súðavík, 130 þús. samþykktur samhljóða.
14. Fundargerðin staðfest.
15. Fundargerðin staðfest.
16. Fundargerðin staðfest.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 15:55

**Steinn Ingi Kjartansson
oddviti**

Valgeir Scott

Guðbjörg Bergmundsdóttir

Halldóra Pétursdóttir

Pétur G. Markan, sveitarstjóri

